



SKÓLAFUNDUR

VORÖNN 2024

NÍÐURSTÖÐUR

EFNISYFIRLIT

1

Inngangur

2

Virðing

3

Jafnræði

4

Tillitssemi

5

Þolinmæði

6

Traust

7

Skilningur

8

Umhyggja

9

Hreinskilni

10

Viðmót

11

Skrifleg samskipti

13

Úrvinnsla

VIRÐING
FJÖLBREYTNÍ
SKÖPUNARKRAFTUR

Inngangur

Skólafundur var haldinn 10. apríl 2024 í fundargatinu á milli 11:00 og 12:00 í miðrými tungumáladeildar.

Í upphafi var leitað eftir umræðuefnum hjá skólaráði, sem var sett saman eftir umræðu frá síðasta skólafundi um að í skólaráði ætti hver braut einn fulltrúa. Ákveðið var að ræða samskipti og samskiptasáttmála. Málefnið voru rædd á hringborðum þar sem einn umræðustjóri stýrði umræðunni og sjálfboðaliðar úr röðum nemenda og starfsfólks rituðu. Allir hópar ræddu bæði málefnið.

Frábær mæting var á viðburðinn en á milli 70 og 80 einstaklingar tóku þátt allan tímann. Að loknum umræðum var þátttakendum boðið upp á pizzu.

Virðing

Traust

Tillitssemi

Skilningur

Virðing

- Hlusta, sýna viðbrögð
- Ekki grípa fram í
- Passa tón
- Passa orðalag
- Sýna fólki skilning
- Fordómalaus
- Setja sig í spor annarra
- Leyfa öðrum að tala
- Augnsamband
- Ekki tala niður til fólks
- Kynvitund/fornöfn
- Virðing fyrir fjölbreytileika
- Aðstoð vegna námserfiðleika, bjóða hjálpargögn
- Virðing fyrir tíma nemenda, nýta tíma í kennslustundum
- Virðing fyrir einkalífi
- Bera virðingu fyrir sjálfum sér
- Heimanámsaðstoð er góð
- Að hlustað sé á mann
- Virða aðra í hópum
- Virðing fyrir tíma annarra
- Virða störf annarra (t.d. þeirra sem eru að þrifa)
- Virða tilfinningar annarra
- Bera virðingu fyrir mismunandi íþróttum
- Bera virðingu fyrir því að einhver sé að leggja sig fram
- Hvernig er talað við mann
- Hvaða orð eru notuð

Nemendum þykir „virðing“ vera regnhlífarhugtak yfir hugtökin sem rædd voru, eða að það sé miðjan á hugarkorti

- Kurteisi
- Ekki virðing að snerta óviðeigandi
- Þolinmæði
- Kennari kemur vel fram
- Ekki tala meðan kennari er að tala
- Ekki gera grín að öðrum eða hlæja að því sem aðrir segja
- Þegar fólk vill deila
- Samskipti í orðum
- Brosa, vanda svipbrigði
- Sýna virðingu þó maður sé ósammála
- Hlusta og sýna viðbrögð, sýna öðrum skilning og fordómaleysi, passa tónhæð og orðalag, setja sig í spor annarra
- Hvernig er talað við þau, hvernig orð eru notuð. Hlusta, vera kurteis. Þótt kennarar séu eldri en nemendur að ekki tala niður til þeirra eða gera lítið úr þeim.
- Kennarar mega alveg gefa gagnrýni en hún verður að vera uppbyggileg

Jafnræði

- Kennari hjálpi öllum hópum og nemendum jafn mikið
- Allir eru manneskjur
- Kynjamunur er í jafnvægi
- Enginn skammaður að ástæðulausu
- Ekki tala niður til fólks
- Tala við alla á sama grunni
- Sömu reglur gilda um nemendur og kennara
- Leyfa öllum að tjá sig
- Nemendur fá að hafa meiri áhrif á námið



Tillitssemi

Fylgjast með og sýna öðrum athygli, t.d. ef einhverjum líður augljóslega illa. Spyrja hvort maður geti gert eitthvað og sýna skilning ef viðkomandi vill fá að vera í friði.

- Kurteis í tali
- Sömu reglur fyrir alla (mæting, sími)
- Kennari útskýri þangað til að allir skilja
- Ekki grípa fram í
- Setja sig í spor annarra
- Virða NEI, að geta hætt ef einhver biður um það, sýna skilning og geta sett sig í spor annarra
- Að geta hætt
- Fylgjast með
- Virða „persónubúubluna“
- Taka tillit til námsörðugleika t.d. af völdum lesblindu
- Virða þarfir annarra
- Virða skoðanir annarra
- Hlusta á aðra
- Gefa fólki pláss
- Virðing og tillitssemi fer svolítið saman, helst í hendur. Sýna kurteisi, skilning

Þolinmæði

- Rólegur í skapi
- Fer eftir samhengi
- Gefa öðrum tíma, eins og í kynningum og að spyrja spurninga í tímum
- Sýna skilning
- Sýna kurteisi
- Hlusta á aðra þegar þeir eru að tala
- Ekki grípa frammi
- Getur valdið kvíða fyrir fólk í kring að vera þolinmóð
- Ekki ýta á eftir fólki, allir þurfa mislangan tíma
- Gefa öðrum svigrúm og tíma til að læra. Við erum svo ólík, þurfum alltaf að muna það
- Þolinmæði og óþolinmæði eru persónueinkenni
- Hvað á maður að segja annað en að vera þolinmóður? Finnst allt ofantalið passa mjög vel við virðingu, passar allt í sama vasann.
- Sýna skilning, sýna þolinmæði og skilning að fólki finnist XYZ erfitt eða óþægilegt

Mikilvægt að kennarar sýni þolinmæði t.d. í kynningum og þegar nemendur eru að spyrja eða tjá sig í kennslustundum



Traust

- Treysta nemendum, t.d. með að fara á klósettið
- Ekki segja nemendum ósatt
- Kemur fram í samskiptum hversu opin þau eru
- Kennari sem segir misvísandi hluti við mismunandi hópa
- Ekki kjafta frá leyndarmáli annarra
- Ekki búa til lygasögur um fólk
- Að hlæja ekki að spurningum sem þér finnst augljósar (sérstaklega kennarar)
- Sýna virðingu
- Ekki halda framhjá
- Gerist með tíma
- Maður vinnur sér inn traust með því að halda leyndarmálum, vera til staðar, ekki dæma, bregðast við, virða mörk
- Ekki að kennarar tali sín á milli kannski um málefni nemenda



Skilningur

- Tala skýrt
 - Skilningur á persónulegu lífi nemenda
 - Tengist öllu sem við erum búin að nefna
 - Skilningur er góður innan við skólann
 - Tungumál
 - Gay pride
 - Opinn skóli
 - Að setja sig í spor annarra
 - Sýna tilfinningum annarra skilning
- Spyrja út í líðan og reyna að skilja
 - Kennari taki sinn tíma í að hlusta á nemendur svo hann skilji þá betur
 - Nemendur þurfa að (sýna?) þolinmæði og biðlund
 - Sýna skilning ef einhver er slasaður
 - Að hjálpa
 - Virða
 - Virða greiningar
 - Að hlusta
 - Þolinmæði
 - Virða tíma nemenda
 - Virða veikindi þegar kemur að skilafresti



Umhyggja

- Líkamsstaða rétt þegar talað er við nemanda
- Kennari hefi metnað fyrir hönd nemanda og hópa
- Tengist virðingu
- Hlusta á
- Vera með manni í liði
- Lærdómskvíði, sviðsskrekur
- Sálfræðingur á staðnum
- Námsráðgjafar hlusta vel á mann og gera það sem hægt er að bæta
- Sýna öðrum áhuga (áhugamálum ofl)
- Vera góður við aðra
- Hjálpa öðrum
- Gefa öðrum tækifæri
- Sýna þolinmæði



Kennari spyr nemendur
hvernig þeir hafi það

- Setja sig í spor annarra
- Kanna hvernig öðrum líður
- Kennari hafi metnað fyrir hönd hópsins
- Ekki tala við viðkomandi með því að snúa við hann baki
- Vera vinaleg
- Sýna tillit til tilfinninga fólks
- Veita stuðning
- Gefa ráð
- Útskýra og hjálpa
- Tillitsemi

Hreinskilni

- Það eru mörk, hvað er hreinskilni og hvað er dónaskapur
- ‘No nonsens’ - ekkert kjaftæði
- Það þarf ekki að nefna allt
- Gagnleg hreinskilni
- Bera ekki kjaftasögur áfram
- Segja alla söguna
- Byggir upp traust
- Má nota hvíta lygi ef það er nauðsynlegt eða ekki merkilegt
- Ekki ljúga



Mikilvægt að kennarar og nemendur hittist reglulega til að ræða hvað megi gera betur

- Segja það sem maður er að hugsa
- Viðurkenna mistök
- Vera hreinskilin / ‘reality check’
- Segja sannleikann
- Ekki flækja verkefni og próf að óþörfu

Viðmót

- Auðvelt að ná í aðstoð
- Hver er munur á einkamáli og fyrir allan bekkinn (einkunnir)
- Bæði gott og slæmt
- Bera virðingu
- Vera kurteis
- Bjóða góðan daginn
- Augnsamband
- Vera ekki í símanum
- Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig
- Einlægni
- Sýna jákvætt viðmót
- Virða þarfir og skoðanir annarra
- Þarf að vera gagnkvæmt traust inni í kennslustundum, t.d. treysta þeim sem maður vinnur með í hóp og að maður geti óhikað sagt sína skoðun
- Ekki svara leiðinlega
- Ekki vera þurr
- Ekki blokka
- Ekki gera 'side eye'
- Brosa
- Kennarar ekki láta eins og spurningar nemenda séu vitlausar
- Mismunandi skoðanir
- Agree to disagree
- Getur ekki ráðið viðmóti annarra
- Sýna skilning
- Sumir einstaklingar svo plássfrekir og það er erfitt að mæta því viðmóti
- Hugsa um líkamstjáningu, kannski ekki vera með krosslagðar hendur o.s.frv. Virða þarfir og skoðanir annarra
- Tala um líkamleg samskipti, sérstaklega í samskiptum við kennara og nemendur, t.d. hvísl og augnagotur

Einlægni er ótrúlega
fallegur eiginleiki

Skrifleg samskipti

- Nota nóg af emoji
- Ekki skrifa bara K
- Skrifa heil orð til kennara
- Jákvæðir og neikvæðir emoji
- Tveir broskallar geta sýnt mismunandi tjáningu
- Getur valdið kvíða og ofhugsun
- Munur á aldri
- Fer eftir hverjir nota hvaða emoji
- Getur líka hjálpað fólki að tjá sig
- Emoji geta verið mjög ruglandi því það er erfitt að vera á sömu blaðsíðu hvað merkinguna varðar. Mikilvægt að fólk sé meðvitað um að nota þá í hópi þar sem eru tengsl og maður viti að allir hafi sama skilning á þeim en sleppa því annars.
- Ræða broskallana 😊, þessi sem er á hvolfi virkar óþægilegur, eða svona „eeehhh“ (yppa öxlum)
- Þeim finnst vanta „side eye“ emoji

Kennslukönnun vettvangur fyrir nemendur til að tjá sig um kennara, þau söknuðu þess á síðustu önn að hafa ekki valmöguleikann á að skrifa eitthvað.

Öll nema einn í hópnum höfðu upplifað vanlíðan af því að þau lásu vitlaust í emoji

- „Læk“, geggjáð að fá þumalinn frá pabba, en ekki frá vinkonu sinni
- Þeim finnst það „mýkja“ textann að nota tjákn, þeim finnst vera meira samhengi í textanum, tengja frekar saman tilfinningu/upplifun og vilja forðast þannig misskilning (svo athugasemd um að það er alveg hægt að misskilja tjáknin líka). Og ef þau skrifa „Ok.“ Með punkti, að þá er það „passive/aggressive“.
- Eru einhver önnur tákn, sem þau nota mjög mikið, sem við eldri skiljum ekki. „grenja úr hlátri“ kallarnir, hver er munurinn á þeim? „lol“? eða „rofl“?
- Þau nota hauskúpuna þegar þau eru „dauð úr hlátri“.
- Þau senda kennurum ekki broskalla í tölvupóstum sem koma af fyrra bragði, en ef kennari sendir broskall, þá finnst þeim það opna á frekari notkun broskalla síðar.

Úrvinnsla

Eftir skólafundinn voru öll svör tekin saman og umræður þemagreindar. Í ljós kom að samhljómur var í því að virðing, traust, skilningur og tillitsemi væru eiginleikar sem flest voru sammála um að skiptu mestu máli þegar kæmi að samskiptum innan skólans. Rætt var um að gott væri að hafa samskiptasáttmála innan skólans sem öll gætu haft til hliðsjónar og notað ef þörf væri á. Í lok skólaárs var svo haldinn skólaráðsfundur þar sem niðurstöður voru ræddar og lokaákvörðun tekin um að útbúa samskiptasáttmála með niðurstöðum skólafundar að leiðarljósi.